

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og 23 samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, og birtist til 7. apríl eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð bændaskólanna á 24 Hólum í Hjaltadal og Hvanneyri í Borgarfirði“, útgefin á venjulegan hátt ad man- 8. apríl datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð bændaskólanna á Hólum í Hjaltadal
og að Hvanneyri í Borgarfirði.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 100 ára afmæli Búnaðarfélags Íslands, 8. júlí 1937. Stofnfé hans er þrjú þúsund krónur — gjöf frá firmunum I. G. Farben & Norsk Hydro. Verkefni sjóðsins er að verðlauna nemendur er ljúka námi við bændaskólana og færastir reynast að verklegri og bóklegri kunnáttu við brottfararpróf frá skólunum.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 3000 — þrjú þúsund krónur —, gjafir sem sjóðnum hlotnast og að minnsta kosti helmingur vaxta, sem eigi koma til úthlutunar til verðlauna samkvæmt skipulagsskrá þessari, skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Hið upprunalega stofnfé og það sem þannig bætist við má eigi skerða.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands skal annast stjórn sjóðsins. Hún úthlutar verðlaunum úr sjóðnum, samkvæmt tillögum skólastjóranna á Hólum og Hvanneyri og fastráðinna kennara við þá skóla.

3. gr.

Hin fyrstu 10 starfsár sjóðsins — í fyrsta sinn vorið 1939 — skal árlega veita einum nemanda við hvorn skóla verðlaun úr sjóðnum. Verðlaunin skulu veitt þeim nemendum er að dómi skólastjóra og fastráðinna kennara við skólana, og samkvæmt prófun, hafa sýnt bezta kunnáttu í verklegum og bóklegum námsgreinum samanlagt. Aldrei má veita nemanda verðlaun, nema að verkleg kunnáttu hans sé meiri en í meðallagi.

Eftir að liðin eru 10 ár, sem verðlaun hafa verið veitt úr sjóðnum, má árlega veita tveimur nemendum við hvorn skóla verðlaun á sama hátt.

Til verðlauna þessara má árlega verja allt að helmingi af rentum sjóðsins á undanfögnu almanaksári.

4. gr.

Verðlaun þau, sem veitt eru samkvæmt 3. gr. skulu, öðru fremur, vera nytsamar búfræðibækur. Með hverjum verðlaunum skal afhenda verðlaunaskjal, undirritað af stjórn sjóðsins.

24 Verðlaun og verðlaunaskjöl skal afhenda um leið og nemendum eru afhent próf-
8. apríl skirteini, að afloknu hirtfararprófi frá hændaskólunum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um verðlaun úr sjóðnum, verðlaunaveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórninni ber ennfremur að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda reikningsfærslu sjóðsins algerlega aðskildri frá reikningum Búnaðarfélags Íslands eða annara sjóða félagsins, og skulu ársreikningar sjóðsins birtir í Búnaðarritinu eða því riti Búnaðarfélagsins, er kann að koma í þess stað.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa gjört ársreikning sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og af sömu mönnum og ársreikningar Búnaðarfélags Íslands, og fylgja þeim til endurskoðunar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda Íslands.

9. gr.

Leita ber konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 4. marz 1938.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands,

Steingr. Steinpórssón.

SAMPYKKT

25
12. apríl

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Þistilfjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Þistilfjarðar. Heimili þess og varnarping er að Flögu í Þistilfirði.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsveiði og arð af henni með því:

- Að stunda lax- og silungsklak.
- Að stunda lax- og silungsveiði sameiginlega á einum stað eða fleiri í hverju fiskihverfi á félagssvæðinu.

3. gr.

Félagið annast allt klak fyrir þessar ár:

Hafralónsá, en í henni eiga veiðirétt: Syðri-Brekkur, Hallgilsstaðir, Tungusel, Þorsteinsstaðir, Syðra-Lón, Hvammur og Gunnarsstaðir.

Laxá, en í henni eiga veiðirétt: Gunnarsstaðir, Holt og Laxárdalur.